

Fyrirspurn frá Atvinnu- og umhverfisnefnd Flóahrepps.

Á síðasta fundi nefndarinnar þann 19. ágúst sl varð umræða um hvernig best væri að virkja betur atvinnuþátt nefndarinnar. Til þess að sjá hvar þörfin liggur langar okkur að ath hvort til sé listi yfir þá atvinnustarfsemi sem er í hreppnum og ef ekki, hvort hægt sé að taka saman slíkan lista.

Einnig kom til umræðu á fundinum hvort sveitarfélagið hefði hug á að taka þátt í norræna strandhreinsideginum sem haldin verður næsta vor en ef svo á að vera þarf góðan undirbúning. Nefndin biður því sveitarstjórn að taka afstöðu til þess og ef vilji er fyrir hendi myndi nefndin þá í framhaldi fara í að skipuleggja það með starfsmönnum sveitarfélagsins og öðrum áhugasömum.

Fyrir hönd Atvinnu- og umhverfisnefndar,

Ingunn Jónsdóttir